

Skipulagsstofnun
b.t. Jakobs Gunnarssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 2. september 2022
UST202207-260/A.Þ.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matsskyldufyrirspurn - framleiðsluaukning fiskeldisstöðvar að Laugum

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 28. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á að starfsemin sem hér um ræðir og breyting á henni er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Framkvæmdarlýsing

Bleikja ehf. (hér eftir nefnd rekstraraðili) áformar að auka framleiðslu að fiskeldisstöð sinni að Laugum í Rangárþingi Ytra úr 20 tonna ársframleiðslu í 100 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma. Breytingin felur fyrst og fremst í sér aukna vatnstöku, frárennsli og fóðurnotkun. Gert er ráð fyrir að byggja skemmu yfir eldisker sem nú standa utandyra. Fyrirhugað er að setja upp tromlusú sem allt frárennslið frá stöðinni verður leitt í gegnum áður en það fer í viðtaka.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Í tilkynningarskýrslu er fjallað um áhrif framleiðsluaukningarinnar á vatnsgæði, lífríki viðtaka og grunnvatn. Rekstraraðili telur áhrif á framangreinda umhverfisþætti óveruleg. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Úrgangur

Fram kemur að rekstraraðili áætli að endurnýta næringarefni sem falla til úr frárennsli eins og kostur er og hyggst kanna möguleika á samstarfi við Landgræðsluna eða bændur um notkun seyru til áburðarnotkunar. Umhverfisstofnun bendir á að notkun fastefnis/seyru til áburðar er háð samþykki Matvælastofnunar. Því bendir stofnunin á að leita skal samþykkis Matvælastofnunar ef nota á fastefnið í áburð.

Samkvæmt skýrslunni er dauðfiski frá stöðinni í dag fargað hjá Sorpstöð Rangárvallasýslu. Umhverfisstofnun hvetur rekstraraðila til að huga að endurnýtingu á öllu lífrænu efni sem fellur til í stöðinni, m.a. dauðfiski. Umhverfisstofnun bendir á að notkun dauðfisks/meltu er einnig háð samþykki Matvælastofnunar, sem lögbær

stjórnvalds með þeim ákvæðum reglugerðar um aukaafurðir dýra sem eiga við í þessu tilviki, sbr. 2. þátt reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

Umhverfisstofnun telur afar jákvætt að hugað sé að endurnýtingu úrgangs og bendir á stefnu stjórnvalda, *Í átt að hringrásarhagkerfi*, sem kom út í júní 2021 en skv. henni er stefnt að því að hætta alfarið urðun lífbrjótanlegs úrgangs. Stofnunin hefur unnið leiðbeiningar til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna úr frárennsli.¹

Vatn og fráveita

Fram kemur að vatnstaka á volgu vatni úr borholum verði aukin úr 60 l/sek í 75-80 l/sek.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum og ástand þeirra má ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið. Umhverfisstofnun bendir á að eldið losar í vatnshlotið Þjórsá 1 sem hefur vatnshlotanúmerið 103-663-R.

Fyrirhugað er að setja upp tromlusú sem allt frárennslið frá stöðinni verður leitt í gegnum áður en það fer í viðtaka og tilgangurinn er að ná sem mestu af föstu efni, eða a.m.k. 40-65%, úr frárennslinu. Fram kemur að settjörnin verði hreinsuð eftir þörfum, a.m.k. einu sinni á ári.

Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfi verður gerð krafa um vöktun á viðtaka. Stofnunin telur að með aukinni hreinsun, þ.e. notkun tromlusú og settjörn, verði áhrif á vatn óveruleg.

Niðurstaða

Með tilliti til umfangs og eðlis framkvæmdar, að því gefnu að starfsemin muni uppfylla þau skilyrði sem sett verða í breyttu starfsleyfi og sé byggð á bestu aðgengilegu tækni telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

¹ [Leiðbeiningaskjal \(ust.is\)](#)